

Nd. **314. Frumvarp til laga** [191. mál]

um breyting á lögum nr. 49 20. apríl 1963, um byggingarsjóð aldraðs fólks, og lögum nr. 23 19. apríl 1968.

Flm.: Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum og styrkveitingum að því, að byggðar verði hentugar íbúðir og dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Fela skal Tryggingastofnun ríkisins stjórn sjóðsins og daglegan rekstur hans. Skal fulltrúi stjórnar happdrættis D.A.S. eiga tillögurétt um lán- og styrkveitingar.

3. gr.

Framan við 5. gr. laganna bætist:

Heimilt er að veita styrki úr sjóðnum, allt að 50% af árlegum tekjum hans, til byggingar á hentugum íbúðum og dvalarheimilum fyrir aldrað fólk.

4. gr.

Síðari málsgr. 7. gr. laganna (sbr. 3. gr. laga nr. 23/1968) orðist svo:

Lán og styrkir, sem veitt eru úr sjóðnum til byggingar dvalarheimila, mega nema allt að 40% af kostnaðarverði þeirra, og skulu þau tryggð með veði í heimilunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánnum annars staðar frá, er nemi allt að 75% af kostnaðarverði íbúðanna.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um byggingarsjóð aldraðs fólks er hlutverk sjóðsins að stuðla með lánveitingum að því, að byggðar verði íbúðir og dvalarheimili fyrir aldrað fólk.

Aðaltekjur þessa sjóðs eru hluti af ágóða happdrættis dvalarheimilis aldraðra sjómanna, samkvæmt ákvæðum þar um í lögum um happdrættið. Í þeim lögum er svo kveðið á, að 60% af ágóða happdrættisins renni til byggingarframkvæmda fyrir aldrað fólk, en 40% af tekjum þess renni til byggingarsjóðs aldraðs fólks.

Með þessu frumvarpi er lagt til, að sú breyting verði gerð á lögum um byggingarsjóð aldraðs fólks, að heimilt verði að veita styrki úr sjóðnum, er nemi allt að 50% af árlegum tekjum hans, til byggingar á hentugum íbúðum og dvalarheimilum fyrir aldrað fólk.

Flutningsmenn þessa frv. telja eðlilegt og sanngjarnt, að þeir aðilar víðs vegar um landið, sem standa að byggingum dvalarheimila fyrir aldrað fólk, njóti að nokkru styrks úr opinberum sjóði til þessara framkvæmda.